

SKÓLABLAÐ GRUNÐASKÓLA

APRÍL 1997 - 1. TÖLUBLAÐ - 3. ÁRGANGUR



Almenni Ökuskólinn ehf.

Kennslubifreið 8981208 – Vilhjálmur 431 2737 – Sigurður Arnar 431 1230.

ÖKUKENNSLA



ÖKUSKÓLI

Ert þú að hefja ökunám?

- ⊕ Allar upplýsingar um ökunámið.
- ⊕ Bílatímar. (Nissan Primera 2,0 SLX árg. 1996)
- ⊕ Bóklegt nám í Ökuskóla.
- ⊕ Lán á námsbókum.
- ⊕ Fjöldi prófa og æfingaverkefna.
- ⊕ Vönduð kennsla.

Allar nánari upplýsingar og tímapantanir í síma:

Kennslubifreið:	898 1208
Vilhjálmur Gíslason:	431 2737
Sigurður A. Sigurðsson:	431 1230

Ritstýrurabb!

Þá er hinn glæsilegustu blaðaútgáfu seinni tíma lokið, útgáfu skólablaðsins.

Skólablaðið hefur verið gefið út árlega og alltaf verið mjög gott og vonandi verður svo áfram.

Ritnefndina að þessu sinni skipuðu ritstjórnir Elísabet og Hrefna Rún, aðrir nefnd-

armenn voru Óli Jón, Heiðrún, Katrín og Stefán Jónsson. Samstarfið gekk mjög vel og vonandi finnst lesendum blaðið bæði skemmtilegt og fróðlegt. Vill ritnefndin koma sérstökum þökkum til Ragnheiðar Ásgeirsdóttur fyrir að hafa lesið blaðið yfir.

Reynt var að hafa efni blaðsins fjölbreytt. Grín er

gert af krökkum í skólanum, en það er gert með góðfúslegu leyfi þeirra, í blaðinu eru viðtöl, kannanir, sögur og fréttir úr skólanum.

Vonandi skemmtið þið ykkur vel við lesturinn á skólablaðinu okkar og ykkar.

*Elísabet Ösp
og Hrefna Rún.*



VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF

Ný
kynslóð
„öruggra“
barna-
bílstóla
frá



BARN Í BÍL  Í STÓL FRÁ 

FITNESS BODY
TP Support



Hitahlífarnar
fást í apótekinu

Akraness
Apótek

FITNESS BODY
TP Support

Alltaf
í leiðinni

Munið heitu
súpuna í hádeginu.



Smurt brauð -
fyllt heilhveitihorn.



Kaffi og kakó
á könnunni.

RÁÐHÚSBAKARIÐ
STILLHOLTÍ 18 - SÍMI 431 3500

HÁRSNVRTISTOFAN SUÐURGÖTU 103
Hjá
Hlíf

☎ 431 4950

Frábærar pizzur

9" pizza með 2 áleggsteg. og 1/2 l. kók
495,-

12" pizza með 3 áleggsteg.,
franskar og 1/2 l. kók
1.100,-

16" pizza með 4 áleggsteg. og 2 l. kók
1.396,-

16" pizza með 4 áleggsteg.
franskar fyrir fjóra og kokteilsósa
1.695,-

2x16" pizza með 4 áleggsteg.,
franskar og sósa fyrir 6 og 2 l. kók
2.490,-

HRESSÓ

VESTURGÖTU 52 • SÍMI 431 1200

Óska nemendum,
kennurum og
starfsfólki
Grundaskóla góðs
gengis í námi og starfi
PÁLL SKÚLASON,
PÍPULAGNIR
Furugrund 15, Akranesi
Heimasímar: 431 2364
Farsími: 854 1516
GSM: 894 1516
Símbóði: 842 1516

Hárhús Kötlu

Stillholti 14 - Sími 431-3320

Óskum eftir
öllum stærðum
og gerðum af
hausum til
meðferðar

Katla, Svava, Sossa
og Stefa

Magic Johnson

Earvin Johnson sem er best þekktur sem „Magic“ er eins og flestum er kunnugt með HIV-veiruna sem seinna verður að AIDS. Magic er hættur í NBA körfunni og einbeittir sér nú að því að ferðast um heiminn með lið sitt „Magic's All-Stars“.


Magic og lærisveinar hans í liðinu spila vináttuleiki um allan heim til styrktar baráttunnar við AIDS. Í janúar á þessu ári spilaði lið hans við lið frá Jakarta sem er höfuðborg Indónesíu.

Meðal áhorfenda voru nokkrir Íslendingar. Magic sýndi mikla yfirburði en leikurinn var þó jafn mestallan fyrri hálfleikinn. Bar mest á glæsisendingum Magic til samherja sem skiludu boltanum á sinn stað. Staðan í hálfleik var 62-55 Magic's All-Stars í vil. Í seinni hálfleik virtust

Indónesar missa algjörlega hafa séð Magic sýna frábærniður um sig buxurnar í an leik enn og aftur. vörninni og hittu illa.

Magic og Jim Farmer sýndu frábært samspil og átta frábæran leik. Maður leiksins var án efa Magic og á lokasekúndunni kom í ljós hvers vegna hann hefur verið kallaður Magic. Hann sneri sér við og skaut aftur fyrir sig frá miðju og boltinn fór beint ofan í körfuna. Lokatölur 129-91.

Eftir leikinn voru allir ánægðir eftir að



Magic á flugvellinum í Tangerang á Indónesíu

Þökkum eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn

Sementverksmiðjan hf.

Tungusól

Perlan

Bókaskemman

Knattspyrnufélag Akranes

Myndsmiðjan

Model

Málningarþjónustan

Tölvuþjónustan

Bókav. Andrés Níelsson

HB&CO

Straumnes

Bæjar og Héraðsbókasafnið

Landsbankinn

Málningarbúðin

Verzlunin Bjarg

Bókhaldsþjónustan

Verzlunin Roxy

Akrasport




ÍPRÓTTASÍÐA PÚLSINS

„Langar mest til að hitta Michael Jordan“

Ronald Bayless er eins og flestum er kunnugt leikmaður Körfuknattleiksfélags ÍA, hann er einn albesti útlendingur sem leikið hefur á Íslandi. Hann er mjög fjölhæfur leikmaður, mikil skytta og frábær jafnt í vörn sem sókn.

Hann lék í Austurríki áður en hann kom hingað til Íslands fyrir einu ári síðan þá lék hann með Val í Úrvalsdeildinni. Hann sneri aftur heim eftir tímabilið en kom aftur til Íslands að hausti til, til að leika með ÍA.

Við hittum hann eftir leik ÍA og KFÍ sem ÍA auðvitað vann. Hann virtist vera hálfþreyttur en svaraði spurningunum hér fyrir neðan með glöðu geði. Bayless vildi drífa sig heim og eins og hann orðaði það: „I have to go home to get something to eat“.



Nafn: Ronald Bayless

Fæðingardagur og ár: 5. febrúar 1971

Hæð: 189 cm

Þyngd: 75 kg

Kærasta: Í Bandaríkjunum

Börn: Engin

Bifreið: Er heima

Starf: Körfubolti

Laun: Ekki gefin upp

Varstu í háskóla: Já, Iowa State

Áhugamál: Körfubolti

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera: Lifa lífinu

En leiðinlegast: Vera heima

Uppáhaldsmatur: Spaghetti

Uppáhaldsdrykkur: Appelsínusafi

Uppáhaldstímari: Vibe (tónlistarblað)

Uppáhaldskvikmynd: Thin line between Love and Hate

Uppáhaldsleikari: Al Pacino

Uppáhaldsleikkona: Halle Berry

Uppáhaldssöngvari: 2PAC

Uppáhaldssjónvarpsefni: Martin

Uppáhaldssjónvarpsstöð: FOX (ensk stöð)

Uppáhaldsskemmtistaðir: Astró, Ingólfscafé og Tunglið

Hver er fallegasta kon sem þú hefur séð: Halle Berry

Hvaða persónu langar þig mest að hitta: Michael Jordan

Uppáhaldslið í NBA: Chicago Bulls

Uppáhaldsleikmaður: Michael Jordan

Hvað finnst þér best við Ísland: Kvenmennirnir

Hvernig leggst karfan í þig í vetur: Bara vel

Hvað finnst þér um Akranes: Ágætt (það er samt lítið hægt að gera)

Stefnir þú að einhverju í framtíðinni: Verða þjálfari í háskóla í Bandaríkjunum.

KNATTSPYRNA Á AKRANESI

Flestir unglingar á Akranesi kynnast knattspyrnu á einn eða annan hátt. Flestir byrja snemma að æfa, aðrir seinna. Sumir leika ekki knattspyrnu, en láta sig sjaldan vanta á leiki og þeir sem þykjast engan áhuga hafa á fótbolta hafa þó a.m.k skoðun á honum þegar illa gengur. Til að ná árangri í knattspyrnu þarf að leggja á sig mikla vinnu og stunda hana frá unga aldri.

Við ætlum hér að ræða um unglíngaknattspyrnu á Akranesi og fá skoðun leikmanns Akranesliðsins sem farið hefur í gegnum þunnt og þykkt í knattspyrnunni á undanförunum árum og er því í góðri aðstöðu til að ræða þessi mál.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hvað það er mikilvægt að hafa góða unglíngastarfsemi í íþróttum. Góður íþróttamaður hefur lagt stund á íþrótt sína frá unga aldri og þannig er því farið með alla leikmenn Akranesliðsins í dag.

Unglíngastarf hefur breyst á undanförunum áratugum. Fyrir á árum var í flestum til-

fellum byrjað að æfa í 5. flokki, síðan var stofnaður 6. flokkur og nú er kominn 7. flokkur og byrjunaraldurinn er alltaf að lækka.

Yngri leikmennirnir í Akranesliðinu í dag byrjuðu í 7. flokki og frá þeim árum eiga þeir góðar minningar. Við gætum nefnt leikmenn eins og Sturlaug, Gunnlaug og Kára sem fæddir eru 1973-74. Sumarið 1987 urðu þeir Íslandsmeistarar í 4. flokki og höfðu oft náð frábærum árangri. Í flokki með þeim voru t.d. Þórður Guðjónsson, tvíburarnir Arnar og Bjarki og Lárus Orri svo nokkrir séu nefndir. Þessir fjórir leikmenn eru nú allir atvinnumenn og leika í íslenska landsliðinu.

Líklega er hér um einsdæmi að ræða, fjórir atvinnumenn koma úr sama unglíngaliðinu og úr þessum hópi hafa komið níu leikmenn sem hafa leikið með unglíngalandsliðum og allir leika þeir í dag í meistara-flokkum.



Eru etta framtíðar knattspyrnumenn íslenska landsliðsins?

Á árunum 1965-70 komu upp margir frábærir strákar sem síðar hafa orðið leikmenn í fremstu röð og þar má nefna stráka fædda 1968, (árið sem KR varð meistari). Í þeim hópi eru t.d. Sigursteinn Gísla og Alexander og Haraldur Hinriksson. Sumir þessara stráka þóttu áberandi góðir strax, en aðrir þurftu meira að hafa fyrir því, eða tóku út sinn þroska síðar.

Það sem allir þessir strákar eiga þó sameiginlegt er að þeir höfðu mikinn áhuga, sýndu dugnað og samvisku-semi. Þeir ætluðu sér alltaf að komast í fremstu röð.

Við sem erum í yngri flokkunum þurfum að hugsa á sama hátt.

Stefán Jónsson

„Æfa og aldrei missa trúna á sjálfum sér“

-segir Sigursteinn Gíslason, margfaldur Íslandsmeistari í knattspyrnu með ÍA .

Hér fyrir neðan tókum við púlsinn á Sigursteini Gíslasyni leikmann Í.A. í knattspyrnu og ræðum við hann um hans yngri ár í boltanum og yngri flokka Akraness í dag.

Hvernig voru yngri ár þín í boltanum?

Þau voru bara ágæt, við urðum t.d Íslandsmeistarar árið 1980 í 5. flokki, svo þetta var skemmtilegur tími.

Hefurðu alltaf haft mikinn áhuga?

Já, hann hefur alltaf verið mikill en einstaka sinnum vill hann hverfa vegna þreytu og álags.

Hvað þurfti til að komast í fremstu röð?

Æfa, æfa, æfa og alls ekki að missa trúna á sjálfum sér.

Hvað finnst helst vanta í yngri flokkana í dag?

Mér finnst að þjálfararnir gætu alveg verið lengur, maður sér oft að það er ráðinn þjálfari um haustið en hann er hættur um áramótin


Þetta var öðruvísi þegar ég var krakki að spila fótbolta. Þá voru menn eins og Halldór Jónsson og Sævar Guðjónsson að þjálfra í 10 ár eða svo.

Finnst þér nóg mikið æft á veturna hjá yngri flokkunum?

Það er mín perónulega skoðun að það þyrfti meiri tíma á veturnar fyrir tækni-æfingar því við höfum ekki mjög marga tæknilega leikmenn í A landsliðinu, þeir eru frekar stórir og sterkir og þá vantar betri tækni.

Hvaða ráð mundir þú gefa leikmönnum í yngri flokkunum?

Vera dugleg að æfa og ekki missa kjarkinn þó eitthvað bjáti á.



Já, eins og Steini Gísla segir þá er mjög mikilvægt að æfa vel og reglulega til að komast í fremstu röð. Það eiga allir bestu knattspyrnumenn Akraness sameiginlegt að hafa þurft að hafa fyrir því að verða góðir knattspyrnumenn. Og munið þið að æfingin skapar meistarann.

Djúphreinsimeðferð með CATHIODERMIE


GUINOT - BIODROGA - ACADIMIE snyrtivörur

Gel og silkineglur

SNYRTISTOFA LILJU

Stíllholtri 14 - Sími 431 3644

Lága verðið




VERSLUNIN
EINAR ÓLAFSSON
SKAGABRAUT 9-11
SÍMI: 431-2015

lættir lífið

15% afsláttur

fyrir nemendur í
8., 9. og 10. bekk
af klippingu og litun
Opið fimmtudaga
til kl. 20:00

Vif Skagabraut 31
s. 431 1114
Hársnyrti stofa



JÓLABALL

Þann 18. desember síðastliðinn var jólaball grunnskólanna haldið í fyrsta skiptið í hinum nýja og glæsilega sal Grundaskóla.

Að vanda var úrslitaviður eignin í spurningakeppninni milli skólanna haldin og þar vann Brekkurbæjarskóli. Fyrir hönd Grundaskóla kepptu nemendur úr 8.-SA

og stóðu þau sig með mikilli þryði.

Á eftir spurningarkeppninni komu skemmtiatriði frá báðum skólum sem vöktu geysilega athygli og ekki má gleyma hinu árlega kennarskemmtiatriði, þar sem karlarnir fóru á kostum. Síðasta atriðið var hin árlega Hátónsbarkakeppni þar sem



Hátónsbarkinn 1996



Okkar stórfurðulegu kennarar.

6 keppendur tóku þátt, að lokum stóð ung og efnileg söngkona Sigríður Hrund úr Brekkurbæjarskóla uppi sem sigurvegari en hún söng lagið „Today I sing the blues“.

Eftir skemmtiatriðin lék hljómsveitin Konfekt undir öruggri handleiðslu Flosa Einarssonar fyrir dansi til kl. 12.00. Eftir miðnætti var svo Diskótek til 01.00.

Er falinn fjársjóður á heimilinu?

Á mörgum heimilum má finna „falinn fjársjóð“; útgjaldaliði sem má lækka. Þetta veitir svigrúm til að lækka skuldir, byrja reglulegan sparnað og vera á grænni grein í Búnaðarbankanum.



BÚNAÐARBANKINN
- Traustur banki
ÚTIBÚIÐ AKRANESI - SÍMI 431 2700

Á
grænni
grein

MEÐ SPARIÁSKRIFT



HEIMILISLÍNAN

- Heildarlausn á fjármálum einstaklinga.

Myndir af ritstjórn



Óli Jón.




Elisabet.



Heiðrún.



Katrín Rós.



Hrefna Rún.



Stefán.

Smásaga:

J A X L

Ég opnaði hurðina afar gætilega, ohh hvað ég kveidi fyrir. Svitinn perlaðist út úr svitaholunum meðan ég klæddi mig úr skónum, afar hægt og rólega, allan tímann að hugsa um að snúa við. Ég hengdi jakkann minn á snagann og gekk inn í biðstofuna. „Biðsalur dauðans“ var eina orðið sem kom upp í huga mér.

Ég hafði séð öll systkini mín ganga í gegnum þetta, ohh þau urðu öll svo blá og marín í marga daga á eftir, á sumum þeirra meira að segja þrútnuðu augun út. Ojj, það var svo ógeðslegt, og nú var komið að mér.

Hitinn streymdi fram í kinnarnar á mér og ég var hreinlega allur farinn að titra, fram og aftur í stólnum. Ég reyndi að lesa Andrésblöð, en gat engan vegin einbeitt mér að lestrinum, því ég var alltaf að því kominn að labba út. En þá hugsaði ég hve mikil gunga ég væri og ákvað að vera kyrr og reyna að róa mig niður. Ég tók eftir því að börnin á biðstofunni störfu á mig, þau voru áhyggjulausari en ég, samt voru þau líka að fara til hans. Reyndar voru þau eflaust bara að fara í skoðun.

Tímanum seinkaði, ég átti að mæta klukkan fjögur og nú var klukkan orðin tíu mínútur yfir.


„Gunnar Björnsson, vinsamlegast koma á stofu fjögur.“ Nei þetta er nafnið mitt, nú á ég að fara, hugsaði ég með mér.

Ég labbaði hægt og rólega upp stigann, eitt þrep í einu og var allan tímann við það að snúa við. Af hverju þarf að taka eitthverja helvítis endajaxla sem eru ekki einu sinni farnir að sjást. Ohh, ég er algjör gunga, ég get þetta alveg. Þegar ég var loks búinn að mjaka mér upp tröppurnar sá ég hurðina á stofunni hans, gul, stór og glansandi og á hvítu skilti á hurðinni stóð nafnið hans, Lárus Pétursson, tannlæknir.

Ég opnaði hurðina og sá tannlækninn koma á móti mér, hann hafði alltaf minnt mig á brjáláðan kúreka, með þykkt, svart yfirskegg, rauð og búngótt augu og í stað vasaklúts, hlíf fyrir munninum. Ég hafði verið hræddur við hann síðan ég fór til hans fyrst, þriggja ára.

„Blessaður Gunni, hvað segir þú gott,“ segir Lárus, rífur mig upp úr hugsunum mínum og gerir þær að engu. Ég spjallaði við hann í örlitla stund og hann fræddi mig um aðgerðina sem hann var í þann mund að fara að framkvæma. Hann gerði mig ennþá óstýrkari um leið.

Svo sagði hann mér að leggjast á bekkinn og það



gerði ég. Í um eina mínútu, á meðan tannlæknirinn var að stilla bekkinn, stirnaði ég meira og meira upp og á þeirri stundu, stundinni sem ég lá þarna stirður og taugaóstyrkur á bekknum, hljómaði í útvarpinu kafli úr laginu Mýrdalssandur, „Með taugarnar þandar, titrandi andar, kjökrandi skríður skjálfandi býður og tíminn líður....“ Hvenær hefur þetta lag passað betur við og núna.

Svo leit ég upp og hvað sé ég, tannlæknirinn kemur gangandi hægt og rólega með þessa líka stóra sprautu milli fingranna.

Allt í einu kom vit í kollinn og ég stökk upp, öskraði upp í fésið á tannlækninum „NEI!“ Svo hljóp ég út úr stofunni eins hratt og fæturnir gátu, niður stigann, fram hjá ritaranum og síðast í gegnum biðstofuna, stökk í skóna, hljóp út og stoppaði ekki fyrr en ég kom heim og þar lagðist ég í sófann og hér ligg ég enn.

Drrriing, drrriing, síminn er að hringja. „Halló.“ „Já góðan dag þetta er á tannlæknastofunni, þú hefur víst bara orðið skelfingu lostinn, en það er allt í lagi, GETURÐU BARA EKKI KOMIÐ AFTUR Á MORGUNN!!“

Baddi grís

Viðtal við DJ Stebba stæltá

Fullt nafn: Stefán Andri Björgólfsson.

Lýstu þér í þremur orðum: Fallegur, stæltur og skemmtilegur.

Maki: Ég er ekki enn búinn að velja úr öllum þeim bréfum sem stelpurnar í unglingsdeildinni eru búnar að senda mér og segja hve stæltur ég er og hve heitt þær þrá mig.

Vinir: Þeir komast ekki á blaði, og ég vil ekki gleyma


neinum svo hann verði sár því ég er svo vinsæll.

Uppáhalds lag: Mysterious Girl með Peter André.

Uppáhalds diskur: Wigfeld

Er mikið að gera hjá þér þessa dagana: Já...ekki þessa stundina en ég hef fengið tilboð frá Tunglinu og Astró um að diska undir nafninu DJ Stebba stæltá. Ég á bara enn eftir að svara.

Eitthvað að lokum: Get a live!!!!!!!!!!!!!!



Viðtal við formann nemendaráðs

Svandís Halldórsdóttir skaust út úr móður sinni með miklum öskrum og látum á sjúkrahúsi Akraness á þeim degi sem allir óttuðust, 28. nóvember 1981. Hún var kosin í fyrra sem formaður og vann yfirburðarsigur á andstæðingi sínum. Síðan hún byrjaði sem formaður þann 5. september, hefur hún staðið sig mjög vel.

Hún hefur verið í Grundaskóla alveg frá 6 ára aldri fyrir utan eitt ár sem hún var í Austurríki. Svandís er mjög samviskusöm stúlka og vinnur hún alla sína vinnu eins vel og hún getur. Þegar hún var yngri langaði hana alltaf til að vera flugstjóri en sem betur fer fyrir okkur hefur hún skipt um skoðun og ætl-


ar hún nú í framhaldsnám eins og við öll, stefnir á stúdéntinn og ætlar kannski í háskóla.

Hún er eins og allir vita „ein með öllu“ þ.e.a.s. með gleraugu, kiðfætt, freknur, teina, kartöflunef, rauðhærð með krullur, flösu og hamborgararass.


1. Er erfitt að vera formaður? Nei ekkert svo.
2. Felst mikið í þessu starfi? Já, maður þarf að sjá um opið hús og svoleiðis en samt hjálpast allir að.
3. Er nemendaráðið virkt? Já, já.
4. Er þetta öðruvísi en þú hélt? Nei, bara svipað og ég hélt.
5. Finnst þér krakkarnir stunda mikið félagslíf, mið-

að við í fyrra? Ég held að það sé bara svipað.

ÖLL SVÖRIN ERU TILBÚNINGUR OG ERU BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI STEBBA OG SVANDISAR!



Það er fjör í Beverly Hills



„Stór, hress og athyglisjúkur“ - viðtal við Matthías Matthíasson, söngvara

Þann 31. október fórum við Heiðrún og Katrín til Reykjavíkur til að taka viðtal við Matta söngvarann í Reggae on ice. Við tókum Akragorgina kl. 11 á fimmtudagsmorgni. Eftir að hafa villst í strætó í hinu nýja leiðarkerfi SVR, mættum við heim til hans hálf tíma of seinar. Matti var hress og brosti út allt viðtalið.

Hann heitir Matthías Matthíasson og fæddist á sjúkrahúsi Akraness 24. september 1975. Hann ólst upp á Dalvík en flutti svo til Reykjavíkur og fermdist þar. Þegar hann var lítill ætlaði hann sér aldrei neitt annað en að verða frægur. Fyrstu hljómsveitina stofnaði hann þegar hann var 8 ára og hét hún Indjánastrákarnir.

Kærastan hans Matta heitir Brynja Ólafsdóttir og er sálfræðinemi í Háskóla Íslands. Uppáhalds tónlistamaðurinn hans er David

Gilmour í Pink Floyd og uppáhalds lagið hans er July Morning með Uriah Heep, en hann spilar það einmitt með annarri hljómsveit sem hann er líka í, hún heitir Dúndurfréttir.

Þú varst söngvari í Hárinu og Superstar. Hvort var skemmtilegra og hver var munurinn?

Það var skemmtilegra í Hárinu, en aðallega út af því að það var það fyrsta sem ég gerði. Hárið var svo mikil stuðsýning en Superstar var miklu þyngra verk, fjallar um síðustu daga Krists og endar á krossfestingunni, það er ekkert rosalega hress og skemmtilegt. Þannig að Hárið var skemmtilegra og hópurinn var miklu samrýndari þar.

Hvernig varð hljómsveitin Reggae on ice til og hvað er hún gömul?

Vá, hún varð til '92, þegar maður frá Jamaica kom til landsins og langaði svo að stofna hljómsveit. Fyrst var einn Indjáni, einn Jamaicabúa, einn frá New York

og svo þrír Íslendingar. Þar á meðal hljómborðsleikarinn sem er núna í bandinu, ég kom fljótlega inn í þetta á gítar. Svo hætti hljómsveitin þegar Jamaicabúinn var rekinn úr landi. Það var svo ekki fyrr enn að ég og Hannes, trommuleikarinn í hljómsveitinni, fórum í sund að við ákváðum að stofna hljómsveitina upp á nýtt og reyna þetta aftur. Það hefur bara gengið mjög vel.

Hvað er á döfinni hjá hljómsveitinni?

Á döfinni..., við erum byrjaðir að vinna að nýrri plötu og erum að spila alveg ofboðslega mikið núna alveg fram að jólum og eitthvað fram yfir áramót. Stefnan er að vera búnir með lögin í janúar og vonandi að geta komið þeim út hjá eitthverjum útgefanda fyrir sumarið.

Hvar hefur verið skemmtilegast að spila?

Ég verð að játa það að eitt skemmtilegasta ball sem ég hef spilað á er örugglega Samfés ballið fyrir um ári síðan. Það voru 2000 öskrandi unglingar alveg í svaka stuði. Það var alveg ótrúlega gaman.

Hvernig lýsir þú þér í þremur orðum?

Umm...stór, hress og athyglisjúkur!!!

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?

Neyðarlegasta..., einu sinni, eða það leystist ótrúlega vel að vísu, þá vorum við að spila í brúðkaupi. Þá biluðu allar græjurnar okkar, eða réttara sagt vantaði eina snúru sem gerði það að verkum að við gátum ekki notað hljóðkerfið okkar. Hljómborðsleikarinn gat ekki notað hljómborðið sitt, þannig að við urðum að ná í flygil, sem hann varð að spila á og ég varð að gjöra svo vel, að syngja eins hátt og ég gat, það var nú ekkert ógurlega glæsilegt.

Ertu á móti áfengi og vímuefnum?

Ég er sérstaklega á móti vímuefnum, já, og áfengi er náttúrulega vímuefni, en allt er gott í hófi er það ekki, ég verð að viðurkenna að ég hef drukkið og ég drekk en ég hef nota engin önnur vímuefni og ég reyki ekki.

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Þessa dagana...hm..., ég er að kaupa mér tölvu, rosa gaman. Svo er ég að spila alveg ofboðslega mikið með Reggae on ice alveg þrjá daga í viku eða eitthvað. Þannig að allur minn tími fer í tónlistina í dag.

Hvernig sérðu þig í fram-



tíðinni?


Mig, Pavarotti...nei. Ég ætla út að læra, fer líklega næsta haust að læra söng, er að sækja um í skóla í Hollywood í Bandaríkjunum. Sem ég vona að ég komist inn í, ég ætla að læra djass og óperu, ekki aðallega af því að ég ætla að verða óperusöngvari eða eitthvað svoleiðis, heldur því að þessar tvær greinar veita bara svo virkilega góðan grunn fyrir framtíðina, svo ég sé ekki

alltaf að missa röddina eins og kjáni. Þannig að ég sé mig bara algjörlega sem tónlistamann í framtíðinni.

Viltu segja eitthvað að lokum?

Bara..., ef Reggae on ice kemur í bæjinn þá komið þið endilega að sjá okkur, því það verður alveg ofboðslega gaman.

Katrín og Heiðrún



Skóðana- könnun

1. Besta sálin var Andrea Katrín en einu atkvæði á eftir henni var Ingunn Þóra.



2. Glæsilegasta stelpa var Katrín Rós, einnig fengu Eyrún og Maren Rut mörg atkvæði.

3. Glæsilegasti strákurinn var Stefán Orrí og á eftir honum komu Kristján Óskar og Stefán Andri.



5. Hrefna Dan vann yfirburða sigur sem ofvirkasta týpan.



4. Kolbrún Ýr var án efa valin „Íþróttargarpurinn“ enda á hún það svo sannarlega skilið.



6. Eins og allir vita eru Solla og Rósa bestu vinir.




7. Krútt skólans voru tvö í ár eins og í fyrra en nú hafa Gilli og Sigurþór tekið við titlinum.




10. Kroppar skólans voru að þessu sinni Katrín og Stefán Andri en á eftir þeim komu Eyrún og Davíð Anton.



8. Námshestur skólans var án efa Ragnar Björnsson.



9. Sigurður Arnar eða „the Nutty professor“ var með miklum yfirburðum valinn, skemmtilegasti kennarinn.



En auðvitað eru allir nemendur skólans jafnt steiktar og furðulegar týpur eins og þið ættuð sjálf að vita!

„Sundið bjargaði málanum“

Þann 3. nóvember síðastliðin fór 10. bekkur í Grunda- og Brekkubæjarskóla á Selfoss til að etja kappi við heimamenn. Íþróttarmótið er fastur liður í skólafarfinu. Keppt er í mörgum greinum sem gefa stig, síðan vinnur það lið sem hlotið hefur flest sam-
anlögð stig farandbikarinn.

Það má segja að það ríkti mikill spenningur í mannskapnum þegar lagt var að stað snemma morguns þann 3. nóvember síðastliðinn. Þegar við komum að Íþróttarhúsi Selfyssinga þá var spenningurinn orðinn mikill og menn farnir að hlakka til baráttunnar sem framundan var.

Við vissum að ekki mátti vanmeta andstæðinginn því Selfyssingar eru kunnir fyrir gott unglingsstarf í handbolta og frjálsum íþróttum. Síðan má ekki gleyma að þarna er efnilegasti glímumaður landsins, Stefán að nafni sem hreinlega valtaði yfir okkar menn en nóg um það seinna.

Keppnin hófst með blaki og Körfulbolta. Í körfu karla unnum við nokkuð örugglega en í stúlkurnar töpuðum og sömu sögu var líka að segja um blakið, þar töpuðum við í kvenna og einnig í karlaflokki. Íþróttir eins og Þrautarhlaup, bodhlaup og handbolti tóku næst við og þar töpuðu bæði karla og kvennaflokkur sínum viðreignum.

Næst á dagskrá var örugglega skemmtilegasti viðburður keppninnar en það var hin eina sanna þjóðariþrótt okkar Íslendinga, glíman. Já þar riðum við ekki feitum hesti töpuðum kvennaglímunnunni og síðan þegar bjartasta von okkar, Gunnari Árnasyni var skellt í gólfið eftir aðeins 8 sek. Útlitið var orðið svart ekkert blasti við nema niðurlægjandi ósigur.

Við gátum um stundarsakir tekið upp gleði okkar því fótboltinn var næstur á dagskrá. Kvennasveitin tók Selfosstelpurnar í bakarið. Svo tók karlasveitin, Selfosstrákana í nösina en það skyggði á sigurinn var framkoma Stefáns Jónssonar leikmanns 10. bekkjar Skagamanna er hann réðst á varnarlausan Selfyssing og var síðan rekinn af velli með skömm, þetta á auðvitað ekki að sjást. Skammastu þín Stefán!

Óvæntustu úrslit keppninnar var sigur kvennasveitarinnar í kúluvarpi, frábært hjá stúlkunum. Þegar aðeins ein íþróttargrein var eftir var staðan þannig að Selfoss var með 20 stig en Skagamenn höfðu aðeins 10 stig. Þessi eina íþróttargrein sem var eftir var sund, þar gerðum við okkur lítið fyrir og unnum allar greinar sundsins og það gaf okkur 10 stig. Þannig að við náðum að jafna stigamuninn á endasprenntinum.

Ég held að við verðum að gefa þeim Vilhjálm Þór, Berglindi, Jónu Björk og Daniel meðlimum sundsveitarinnar verðskuldað hrós því án þeirra hefðum við tapað keppninni. Húrra fyrir þeim!

Eftir þetta gríðalega skemmtilega íþróttamót var gengið til matborðs og snætt hangikjöt sem ekki fékk góðar undirtektir. Síðar um kvöldið var kvöldvaka sem Selfyssingar sáu um en því miður stóðst hún ekki væntingar. Eftir það var haldið heim með jafntefli í farteskinu.

Stefán Jónsson



Heimsókn á fm 95,7

Við mættum hressar og kátar á FM 95,7 og tilbúnar til að taka viðtal við útvarpsmenn stöðvarinnar. Við vorum frekar feimnar en það lagaðist strax þegar við fórum að blanda geði við fólkið.

Við spurðum strákana á FM alla sömu spurninganna en fengum ólík svör eins og þið sjáið hér fyrir neðan.



Spurningar

1. Nafn? Þór Bæring Ólafsson.
2. Fæðingardagur? 20. Maí 1974.
3. Maki? Birta Flókadóttir.
4. Bíll? Einn Golf '88 og einn nýjan.
5. Lýstu þér í þremur orðum? Frískur, ferskur, frjálstur.
6. Hvað er það vandræðislegasta sem þú hefur lent í? Keyrði á staur á Laugaveginum, 16 ára ekki með próf.
7. Hvar verslar þú fót? Bara út um allt.
8. Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Spila fótbolta.
9. En það leiðinlegasta: Að skúra.
10. Hver er kynþokkafyllsta kona sem þú veist um? Halle Berry.
11. Ertu á móti vímuefnum: Ég er á móti ólöglegum vímuefni en ekki þessum löglegu.
12. Hugsar þú mikið um útlitið? Eitthvað.
13. Hver er flottasta tónlistin? R&B (Rythm and Blues).
14. Hefur þú einhvern tíma í áhugamálin? Já alveg nóg.
15. Hvert er uppáhalds spakmælið? Lifa lífinu lifandi.
16. Uppáhaldstónlistarmaður? George Mickael.
17. Hvað er besti maturinn? Pasta og pizzur.

18. Hvað gerir þú fyrir utan vinnutíma? Spila fótbolta og íþróttast eitthvað.
19. Hvernig sérðu þig í framtíðinni? Ætli ég verði ekki með einhvern dýralífsþátt á rás 1.
20. Viltu segja eitthvað að lokum? Áfram íA.

1. Nafn? Sigvaldi Kaldalóns.
 2. Fæðingardagur? 29.04. '74.
 3. Maki? Þóra Björg Hilmarsdóttir.
 4. Bíll? Ford Orion og BMW.
 5. Lýstu þér í þremur orðum? Gaman að lifa.
 6. Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Fyrsti kossinn.
 7. Hvar verslar þú fót? Kókó, Jack and Jones og Hanz.
 8. Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Skemmta mér og vera með barninu mínu.
 9. En það leiðinlega? Þrifa bílinn minn.
 10. Hver er kynþokkafyllsta kona sem þú hefur séð? Ósýnilega vinkona mín.
 11. Ertu á móti vímuefnum? Nei ekki áfengi en vímuefnum er ég á móti.
 12. Hugsar þú mikið um útlitið? Bara hæfilega.
 13. Hver er flottasta tónlistin? R&B (Rythm and blues).
 14. Hefur þú einhvern tíma fyrir áhugamál? Já, já.
 15. Hvert er uppáhalds spakmæli? Lifa lífinu lifandi.
 16. Uppáhalds tónlistarmaður? Freddy Mercury.
 17. Hver er uppáhalds matur? Góð steik
 18. Hvað gerir þú fyrir utan vinnutíma? Bara allt mögulegt.
 19. Hvernig sérðu þig í framtíðinni? Ekki.
 20. Eitthvað að lokum? Verið rétt stillt.
- Hrefna og Elísabet

Höfðinn

Klukkan er rúmlega fimm. Ég er nýkomin heim úr skólanum. Hundruð hugsanna streyma í gegnum huga minn og stífla alla rök-ræna hugsun. Hvað það getur verið þreytandi að vera alltaf að upplifa nýjar og nýjar tilfinningar og þurfa svo að vinna úr þeim og skilgreina þær. Ég finn hvernig hugur minn fyllist af hugsunum og hjarta mitt af tilfinningum. Ég verð að koma reglu á þær. Ég verð að fá frið. Það er bara einn staður sem kemur til greina.

Höfðinn er uppáhaldsstaðurinn minn og hefur verið það allveg síðan ég var fimm ára. Síðan mamma og ég fluttum hingað. Síðan pabbi fór. Að standa ein og óstudd frammi fyrir náttúruöflunum uppi á háum kletti og hafa ekkert til að halla sér upp að, ekkert til þess að skýla sér með hefur alveg ótrúlega styrkjandi áhrif. Eitthvað sem mér hefur ekki veitt af í gegnum tíðina. Ég fer alltaf alveg fram á brún, líka núna. Þó að það sé stormur finn ég ekki vott af hræðslu. Hún er löngu farin. Eina sem ég finn er saltbragðið á vörunum og yfirþyrmandi nærveru náttúrunnar. Regnið lemur andlit mitt, droparnir skella framan í mér um leið og vindurinn rykkir í sitt hárið. Ég horfi á brjáláð hafið frodufella 200 metrum neðar. Þarna, sem ég stend fram á klettasyllunni og stari út á ólgandi hafið, finn ég hvernig allt í huga mínum radar sér upp og verður að skipulegum hugsunum, það losnar úr tilfinningaflækjunum og allt fer að skýrast. Niðurstaðan næst. Loksins. Ég er ástfanginn. Ég legg af stað aftur heim.

Hann heitir Tómas. Hann er í sama menntaskóla og ég. Hann hefur valdið mér miklum

heilabrotum undanfarið, vægast sagt. Ég hef ekki talað við hann nema í örfá skipti, en samt veit ég að hann er sá eini sem getur gert mig hamingjusama. Hann hefur þessi mögnuðu áhrif á mig, ég get varla lýst því. Hann er eins og sól. Hann skín svo að þegar ég horfi á hann fæ ég sting í augun. Þegar hann er ekki nálægt virðist allt vera dimmt og kalt. Mig langar að vera hann. Ég myndi loka mig inni með sjálfri mér og leyfa engum að horfa á mig eða snerta mig og . . . þvilík eigingirmi, en mér bara líður þannig, orð geta ekki lýst því. Ég elska hann, ef það er hægt að kalla það ást. Það virðist svo miklu stærra, dýpra, sterkara. Það er ólíkt öllu veraldlegu. Óendanlegt og óeyðanlegt. Ég verð að fá hann. Ég veit að ég get ekki bara stokkið á hann, sama hversu mig langar til þess. Hann verður að koma til mín. Ég reyni að hugsa upp einhverja leið en engin virðist nógu góð. Ég fer inn, sest niður og sökkti mér niður í skólabækurnar til að dreifa huganum.

Ég hrekk upp með andfælum um leið og vekjaraklukkan hringir, og ég geri mér grein fyrir því að ég hef sofnað í öllum fötunum út frá heillandi en jafnframt svæfandi Heimsljósi Laxness. Ég hef engan tíma fyrir sturtu, ekki einu sinni hárbvott, svo ég skipti bara um föt og vona að enginn taki eftir því hvað ég er mygluð. Ég rétt næ strætó í skólanum.

Ég mætti aldrei í fyrsta tím-ann. Ég var inni á baði og gleymdi mér í hugsunum mínum um Tómas. Starði í spegilinn í tæpar tuttugu mínútur og hugsaði um hann. Hvað ég ætlaði að gera. Ég var engu nær. Mig langaði bara að hafa hann,

eiga hann, alein. Það gat ekki verið neitt rangt við það að einfaldlega taka hann, ég þarfnadist hans, ég var meira að segja viss um að ég þarfnadist sjálfs síns. Djöfuls rugl í mér og ég vissi það. En hvað átti ég að gera.

Vandamálið leystist fyrir utan hurðina. Rétt eins og í amerískri sápuóperu rakst ég harkalega á hann beint fyrir utan klósettið.

Þvilík tilviljun, við vorum þarna alein, tvö saman, á nákvæmlega sama tíma og bæði jafn úfin og þreytuleg. Það höfðu greinilega fleiri vaknað seint í morgun. Ég horfði á hann, í augun á honum og missti stjórnina. Orðin ultu út úr mér án viðvörunar. Ég fann þau koma, ég heyrði þau, en það var eins og einhver annar væri að tala, ég gat ekkert að þessu gert. „Ég elska þig, ég þrái þig, þú ert sá eini sem getur gert mig hamingjusama.“ Ég horfði á hann bænaraugum sem jafnframt báru vott af græðgi og ég sá að hann sá, að mér var fúlasta alvara. Til að fullkomna endinn hefði hann átt að svara einhverju svipuðu, eða að minnsta kosti einhverju öðru en hann gerði. Hvað hann sagði skiptir ekki máli, hann skiptir ekki máli, líf mitt skiptir ekki máli. Ekki lengur. Ég er aftur kominn út á brún. Fárviðrið slær mig þungum höggum en ég finn ekki fyrir þeim. Ég stari niður í hringiðuna sem myndast í kringum klettana í fjörunni þegar sjórinn ryðst inn á milli þeirra en dregst svo skyndilega til baka á meðan annar sjór ryðst yfir hann og svo koll af kolli. Ég sé hann opna fadn sinn til að taka á móti mér og ég læt freistast.

Höf: SNICKERS

Indónesía

Þann 15. desember hélt ég Ólafur Jón Ólafsson blaðamaður Púlsins í ferð til Indónesíu. Indónesía er samansafn af eyjum, stærsta eyjan heitir Java, á henni er höfuðborgin sem heitir Jakarta. Það má geta þess til gamans að Java er aðeins stærri eyja en Ísland og á henni búa tæp 12 milljónir manna.

Á Soekarno-Hatta flugvöllinum í Tangerang sem er borg rétt fyrir utan Jakarta lenti ég eftir samanlagt 18 tíma flug. Það var heitt, mikill raki enda stóð rigningartímabilið yfir. Í Indónesíu er enginn vetur vegna þess að árstíðirnar skiptast í tvennt regntímabil og hitatímabil. Regntímabilið stendur yfir frá nóvember til febrúar og hitatímabilið stendur yfir frá mars til október.

Það var margt að sjá í Indónesíu, þar er gróðurinn

mikill og fallegur. Dýralífið er skrautlegt t.d var eitt dýr áberandi í ferðinni, það var græn eðla sem er oftast kölluð Gecko, hún er u.þ.b 10 - 200 cm löng. Hún var allstaðar, hvar sem maður kom þar voru Geckos. Það þykir mikil gæfa að vera með þær inni hjá sér vegna þess að þær éta öll skordýr s.s kóngulær og mosquitosflugur. Þessi skordýr eru óþolandi því þau sjúga úr manni blóðið og eftir verður rauður blettur sem veldur kláða.

Fólkið í Indónesíu var mjög vingjarnlegt og vildi allt fyrir mig gera. En því miður er ekki hægt að segja að fólk þar hafi góða menntun né mikið fé milli handanna. Sem dæmi eru meðallaun Indónesa 150.000 Rúbíur eða u.þ.b. 4.500 krónur á mánuði. Fólk vinnur mest við það að selja ávexti.

Í Indónesíu reykja 4 af hverjum 5 mönnum en flest-

ar konur reykja ekki. Þar fær maður bílpróf 18 ára en algengasta farartæki þar er skellinaðran. Í Indónesíu er rosaleg umferð og ef þú ert ekki ákveðinn ökumaður þá kemstu ekkert því umferðarreglur í Indónesíu eru engar. Þar er heldur enginn ákveðinn lágmarksaldur til að geta keypt sigarettur og áfengi.

Indónesar eru flestir múslimar og þeir halda uppá nýja árið í febrúar. Þar eru margir síðir ólíkir því sem við eigum að venjast t.d. má ekki snerta kollinn á fullorðnu fólki því það telst móðgun og það má ekki sýna fólki ilina á sér. Indónesar hlusta mikið á popptónlist og vinsælustu fötin eru gallabuxur og leðurjakkar.

Ég var mikið í sundi enda hitinn óbærilegur en meðan á dvöl minni stóð var rigningartímabilið og það rigndi á hverjum degi.



Undarlegt kvöld

Kalli minn, við erum að fara. Það er popp og djús inn í eldhúsi, og vertu nú stilltur við hana Dóru. Ég vil ekki heyra það að þú hafir verið óþekkur og með stæla. Skilurðu það?

„Já, já,“ tautar Kalli. „En má ég ekki horfa á myndnar fjölskyldumyndir?“

„Jú það er í lagi, en aðeins ef þú lofar að fara beint inn í herbergi að sofa þegar þær eru búnar.“ Gunnvör horfir beint í augun á Kalla.

„Ókei ég lofa, tíu fingur upp til guðs.“ Kalli setur upp sinn besta sakleysissvip.

En hann er ekki sáttur. Þegar hann og pabbi voru bara tveir þá mátti Kalli alltaf vaka með honum á laugardagskvöldum. Og þeir fengu sér alltaf sjeik. Kalli einn lítinn með súkkulaðisósu og pabbi stóran með karamellusósu.

En nú er allt breytt. Pabbi varð skotinn í Gunnvör og hún flutti inn til þeirra.

„Jæja, við verðum að drífa okkur.“ Gunnvör er orðinn óþolinmóð.

„Hallvarður, drífdú þig elskan. Billinn er kominn.“

„Já ástin, ég er alveg að koma. Ég þarf bara að finna veskið mitt. Nú hérna er það. Dóra mín þú passar Kalla vel fyrir okkur.“

„Ég geri það, skemmtið ykkur vel.“

„Bless pabbi,“ Kalli vinkar.

Um leið og dyrnar lokast þýtur Dóra að símanum. „Ég

verð að hringja í Möggu og Tóta.“

„Uh humm,“ Kalli tekur sér stöðu fyrir framann símann.

„Þú mátt ekki hringja. Viltu að ég klagi í pabba minn?“

„Þú getur klagð í pabba þinn ef þú vilt, en ég hringi ef mig langar til. Auk þess efast ég um að hann trúi þér.“

Kalli ullar á Dóru og hleypur inn í sjónvarpsherbergi. Hann sest í sófann og kveikir á sjónvarpinu. Fyndnar fjölskyldumyndir eru byrjaðar. Þátturinn er góður og Kalli veltist um af hlátri.

„Viltu gjöra svo vel að hætta þessum andskotans látum, ég heyri ekkert í símanum fyrir þér.“ Dóra öskrar úr símanum. En Kalli þykist ekki heyra í henni og hækkar bara í sjónvarpinu.

Nokkrum mínútum síðar kemur Dóra þrammandi inn í sjónvarpsherbergið. „Inn að sofa.“ Dóra er bullsjóðandi vitlaus.

„En þátturinn er ekki búinn.“ Kalli horfir undrandi á Dóru.

„Mér er alveg sama, þú átt að hlýða mér.“ Dóra er ákveðin.

„En Toy Story náttfötin mín eru óhrein.“ Kalli gefst ekki upp.

„Þá ferðu bara í Lion King.“ Dóra tekur Kalla upp á öxlina og leggur af stað upp í herbergið hans. „Glæt-

an að ég hitti þennan Tóta ljóta, eða hvað hann heitir. Ég þoli ekki töffara. Best ég feli mig undir rúmi.“

Niðri heyrir í Dóru: „Ég ætla að skutlast upp að svæfa Kalla.“

Hún hleypur upp stigann. „Kalli hvar ertu?“

„Búhh, ha ha, þér brá.“ Kalli stekkur fram undan rúminu.

„Hvað er eiginlega að þér krakki?“ Dóra er hneyksluð, en fær ekki tækifæri til að segja meira því Kalli hleypur fram hjá henni og að símanum.

Hann stimplar inn númer og . .

„Hvað heldur þú eiginlega að þú sért að gera.“ Dóra er mætt á svæðið.

Hún rífur af honum símann og skellir á.

„Hvert varstu að hringja?“ „Ehh, í neeh, neyðarlínuna,“ stamar Kalli.

„Þú ert svo leiðinleg við mig.“

„Viltu að ég segi mömmu þinni hvað þú ert búinn að vera óþekkur?“ Dóra er reið.

„Þú getur ekki talað við hana, hún er dáin. Svo get ég alveg sagt pabba hvað þú ert leiðinleg. Hann er sterkasti pabbi í heimi.“ Kalli er farinn í fylu. Hann hleypur upp í herbergið sitt og skellir hurðinni.

Dóra kemur upp á eftir honum. Hún er með popp og djús. „Hérna Kalli, gjörðu svo vel. Og ekki vera með þessa stæla. Þú manst hverju

þú lofaðir Gunnvöru. Og þegar þú ert búinn með þetta skaltu háttá þig og fara að sofa.“

Eftir að Dóra er farin leggst Kalli upp í rúm.

Í loftinu fyrir ofan rúmið hans er þakgluggi. Úti skína billjón stjörnur. Kannski að mamma hans búi á einni svona stjörnu ásamt fullt af litlum grænum körlum. Það væri æði að fara í heimsókn upp í geiminn.

Þá myndi maður kannski hitta hana og geimverur í leiðinni. En þá yrði maður að eiga geimfar. Hvernig ætti hann að redda heilu geimfari?

„Ég veit. Ég smíða bara geimfar. Ég hlýt að geta það.“

Kalli stekkur upp úr rúminu. Hann safnar saman mottu, legokubbum, litum og teppi og leggur á rúmið sitt. En það vantar skotpall.

„Já, hjónarúmið.“

Hann lædist inn í hjóna-herbergið með dótið sitt með sér.

Nú hefst byggingin. Kalli setur mottuna á hjónarúmið og kubbar vegg í kringum hana. Svo breiðir hann teppi yfir sem þak. Litina notar hann fyrir takka.

Þá er það tilbúið. Nei það vantar stýri. Hann hleypur til baka inn í herbergið sitt og sækir nýja tölvuspilið sitt. En þá man hann eftir öðru. Það vantar geimbúning. Hann finnur hjólahjálminn sinn, þennan með plastinu fyrir augun og ruslapoka og lædist á tánum yfir í hjóna-herbergið.

Hann klæðir sig í „búning-

inn“ og fær sér sæti í geimfarinu.

„Verið viðbúinn, nú hefst niðurtalning.“

10, 9, 8, 7, 6, 5, 4, 3, 2, 1, 0, upp!!!

En ekkert gerist. Geimfarið hreyfist ekki. „Bévítans vesen.“ Kalli er vonsvikinn.

Hvað skyldi vera að? Jú auðvitað. Bensín. Það vantar bensín. Hann lædist aftur yfir í herbergið sitt og sækir djúsið sitt. Hann hellir „bensíninu“ í „bensíntankinn.“ Og fær sér aftur sæti.

„Verið viðbúinn, nú hefst niðurtalning, önnur tilraun.“

10, 9, 8, 7, 6, 5, 4, 3, 2, 1, 0, upp!!!

En aftur gerist ekki neitt. Það er eins og geimfarið sé límt við rúmið. „Þetta gengur ekki,“ nú er Kalli orðin reiður. Niðri heyrir í tónlist. Hún er hátt stillt. Þetta hlýtur að vera ástæðan fyrir því að farið fer ekki á loft. Einhverjar slæmar bylgjur, eða eitthvað. Kalli ríkur fram og öskrar niður: „Viljið þig lækka!!!“

Þetta hreyf, samstundis er slökkt á græjunum og Dóra kemur hlaupandi upp stigann.

„Er ekki allt í lagi,“ hún er áhyggjufull á svipinn. „Já ég bara get ekki sofið, þið hafið svo hátt.“ Kalli lýgur með sakleysissvip.

„Allt í lagi, við skulum lækka. Farðu bara að sofa.“

„Yes,“ Kalli fer inn í hjóna-herbergið þegar Dóra er komin niður.

„Spennið beltin. Niðurtalning lokatilaun.“

10, 9, 8, 7, 6, 5, 4, 3, 2, 1, 0, upp!!!

En það gerist ekki neitt.

Geimfarið er eins og límt með tonnataki við rúmið. „Ég trúi þessu ekki, þetta hlýtur að vera vélin eða eitthvað. Ég verða að komast upp. Upp til stjarnanna, til mömmu.“ Nú er Kalli farinn að gráta. „Þetta er ósanngjart. Ég hélt að ég væri svo góður strákur. Það segir pabbi að minnsta kosti.“ Kalli situr í geimfarinu. Hann er þreyttur og allt virðist vera ömurlegt. Augun lokast. Hann dottar, veit ekki hvað lengi. En allt í einu er eins og hann svifi í lausu lofti. Í hvítu lofti með gulum skýjum. En þá heyrir hann rödd. Þetta er mömmu rödd.

„Hæ, ég er kominn.“

Kalli brosir. Hann er á-nægður. Hann opnar augun. Pabbi er inn í herberginu. „Hæ Pabbi, ertu kominn. Veistu mömmu líður vel uppi á himnum.“


„Já ég veit.“

Pabbi brosir.

Janus

LÁTIÐ
FAGMENN
VINNA
VERKIÐ

rafpjónusta
sigurdórs
SKAGABRAUT 6
SÍMI 431 1902
& 431 2156



FASTEIGNAMIÐLUN VESTURLANDS

SOFFÍA MAGNÚSDÓTTIR, LÖGG, FASTEIGNA- OG SKIPASALI
KIRKJUBRAUT 40 ☎ 431 4144 & 431 4266 - FAX: 431 4244

**Vantar allar
tegundir
eigna á skrá**

ER BÍLLINN AÐ
„BURRA“
SITT SÍÐASTA?

KOMDU MEÐ HANN
TIL OKKAR

ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR - RÉTTINGAR
SPRAUTUN - BÍLAPARTASALA

**Bíla- og vélaverkstæði
Björgvins Eypórssonar**
Ægisbraut 11 - Sími: 431-1224

olis

**Ódýrastir á
Akranesi og í
Borgarnesi...**

... þegar þú dælir sjálfur!

Kaffi braud & kökur

**Harðar
bakarí**
AKRANESI

15 ára afmæli skólans

Þann 12. október síðastliðinn var 15 ára afmæli Grundaskóla á Akranesi haldið. Dagskráin var fjölbreytileg og skemmtileg skólahljómsveitin lék undir stjórn Lárusar Sigvatssonar, skólakórinn söng nokkur lög undir stjórn Flosa Einarssonar og Ragnheiður Björnsdóttir lék á píanó. Erna Guðmundsdóttir söng einsöng, núverandi og fyrrverandi nemendur sungu saman eitt lag, og svo sungu Valgerður og Halli Melló sem eru bæði fyrrverandi nemendur Grundaskóla sitt hvort lagið.

Skólastofur voru opnaðar og kynnt skólastarfið í öllum stofum. Nemendur úr 10. bekk sá um veitingarnar




og þjónuðu gestum til borðs. Bodið var upp á kökur, vöfflur, kaffi og djús.

Formaður Nemendaráðs, Svandís Halldórsdóttir hélt sitt fyrsta ávarp sem formaður og fórst það mjög vel úr hendi. Um kvöldið var svo slegið upp „dúndur“ dansleik fyrir alla bæjarbúa í

nýjum og glæsilegum sal í Grundaskóla. Hljómsveitin Konfekt spilaði þar frá 18:30 til 20:00.

Mikill fjöldi bæjarbúa mættu til að skoða skólann og þiggja þær veitingar sem í bodi voru.

Elisabet og Hrefna



UKA

UNGLINGAKLÚBBUR
ÍSLANDBANKA

**Vönduð skipulagsbók
Fjármálaráðgjöf
Hraðbankakort
Afsláttarbók
Fréttabréf
Tilboð**

**Lífandi
klúbbur!**


ÍSLANDBANKI
Akranesi